

---

---

## Hvernig myndum við ný orð?

Til að mynda ný íslensk orð koma einkum eftirtaldar leiðir til greina:

### 1. Samsetning

*húsbíll*, úr *hús* og *bíll*  
*tölvupóstur*, úr *tölva* og *póstur*  
*sýndarveruleiki*, úr *sýnd* og *veruleiki*  
*skáletur*, úr *ská* og *letur*

Þetta er algengasta aðferðin við að mynda ný orð í íslensku.

### 2. Afleiðsla

*skoðun*, úr *skoða* og viðskeytinu *-un*  
*rafrænn*, úr *raf-* og viðskeytinu *-rænn*  
*rakari*, úr *raka* og viðskeytinu *-ari*  
*læknir*, úr *lækna* og viðskeytinu *-ir*

Þessi aðferð er gömul í málinu en getur verið erfið.

### 3. Orð fær nýja merkingu

*mús*, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við tölvur,  
(smátæki til að færa til bendil á tölvuskjá)  
*gluggi*, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við tölvur,  
(reitur á tölvuskjá þar sem gögn birtast)  
*skjár*, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við sjónvarp og tölvur  
(sá hluti sjónvarps eða tölvu þar sem myndin birtist)  
*minni*, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við tölvur  
(vinnsluminni tölvu)

Gömul orð geta fengið nýja merkingu, t.d. þegar  
útlit eða hlutverk minnir á eitthvað annað.

### Er orðið gallað?

Nauðsynlegt er að orðasmiðir prófi orðið sem þeir hafa myndað og hafi yfir með  
sjálfum sér alla beygingu þess. Ef orðið er gallað er ólíklegt að það verði notað.

### Setjið orðið í eðlilegt samhengi

Gagnlegt er að semja eða þýða eitthvert samfellt mál þar sem nota þarf nýju orðin  
í eðlilegu samhengi.

### Er hægt að mynda samsetningar með orðinu?

Oft er gagnlegt að huga að því að nýtt orð sé þannig myndað að auðvelt sé að  
leiða af því aðrar myndir og samsetningar.

---

---

## Grundvallarhugtök

Stofn – sá hluti orðs sem beygingarendingar bætast við.

*dugleg* og *dugnaðarkon* eru stofnar í orðunum *duglegur* og *dugnaðarkona*

Rót – smæsti orðhluti sem ber orðasafnsmerkingu.

*dug* og *kon* eru rætur í orðunum *duglegur* og *dugnaðarkona*

Heildarmerking orðmyndarinnar er samsett úr merkingu rótar, viðskeytis og beygingarendingar.

## Samsetning

Tveir eða fleiri orðstofnar eru tengdir saman til að mynda nýtt orð. Samsetning getur verið með þrennum hætti: a) stofnsamsetning, b) eignarfallssamsetning og c) tengihljóðssamsetning.

### Stofnsamsetning

Samsett orð er myndað þannig að fyrri hlutinn er **stofn** nafnorðs.

borðstofa (borð+stofa)

myndlist (mynd+list)

hesthús (hest+hús)

#### Stofn nafnorðs fundinn:

##### Karlkynsorð:

Orðið er sett í þolfall eintölu: *hestur* (nf.) um *hest* (þf.), sbr. stofnsamsetninguna *hesthús*.

##### Kvenkynsorð:

Stofn kvenkynsorða er venjulega eins og orðið er sjálft í nefnifalli eintölu: *mynd*, sbr. stofnsamsetninguna *myndlist*.

##### Hvorugkynsorð:

Stofn hvorugkynsorða er oftast alveg eins og orðið er sjálft í nefnifalli eintölu: *borð*, sbr. stofnsamsetninguna *borðstofa*.

### Eignarfallssamsetning

Samsett orð er myndað þannig að fyrri hlutinn er eignarfall (eintala eða fleirtala) af nafnorði.

#### Eignarfall eintölu.

búðarborð (búðar+borð)

eldsvoði (elds+voði)

#### Eignarfall fleirtölu.

kjólameistari (kjóla+meistari)

hestamaður (hesta+maður)

### Tengihljóðssamsetning

Nokkur dæmi eru um að á milli síðari og fyrri liðar sé skotið sérstöku **tengihljóði** og þetta hljóð er ekki eignarfallsending: ráðunautur (ráð-u-nautur), eldibrandur (eld-i-brandur), leikfímishús (leikfími-s-hús).

---

## Afleiðsla

Með afleiðslu er átt við að einhver orðstofn eða rót, sem til er í málinu, fái annaðhvort framan á sig forskeyti eða aftan á sig viðskeyti. Forskeyti og viðskeyti geta ekki verið sérstök orð ein og sér.

### Forskeyti

aðal-	aðalatriði
al-	albróðir
and-	andstæðingur
auð-	auðkenni
einka-	einkatölva
endur-	endurtekning
fjar-	fjarstýring
fjöl-	fjöltengi
for-	forhitari
frum-	frumburður
ger-/gjör-	gereyðing
meðal-	meðaltal
megin-	meginstefna
mis-	misskilningur
of-	ofát
ó-	ómenning
sam-	samband
sí-	sígrænn
tor-	tortryggni
van-	vanefndir
ört-	örtölva

### Viðskeyti

-ald	kafald
-and(i)	nemandi
-ar(i)	kennari
-d	grimmd
-dóm(ur)	sjúkdómur
-ð	tryggð
-erni	hátterni
-i(r)	hlutleysi, læknir
-il(l)	sendill
-ildi	rifrildi
-ing/(i)ngur	sending, kylfingur
-leik(i)/leik(ur)	sennileiki, fróðleikur
-lingur	stráklíngur
-naður	verknaður
-neskja	flatneskja
-ni	keppni
-ning/(ur)	talning, ruðningur
-sk(a)	gleymska
-skap(ur)	búskapur
-sl/(i)(a)	þyngsl, kennsla
-t	mýkt
-uð(ur)	könnuður
-un	söltun
-und	áttund
-ung/(i)(ur)	sundrung, glerungur